

Starfsendurhæfing í nútíð og framtíð-nýjar áherslur

Gunnar Kr. Guðmundsson
endurhæfingarlæknir

Starfsendurhæfing

- Ekkert nýtt fyrirbæri
- Reykjalundur byrjaði sem starfsendurhæfing fyrir berklasjúklinga 1945

Af hverju starfsendurhæfing

- Kostnaður vegna örorku mikill
- 2002 greiddu TR og lífeyrissjóðir 14 milljarða króna í örorkubætur , fyrir utan annan kostnað (skatttekjur , lyf o.s.frv.)
- Samkv. rannsókn í Svíþjóð kemur fram að fyrir hverja eina krónu sem er lögð í starfsendurhæfingu koma 9 til baka í þjóðarþúið

Starfsendurhæfing á vegum TR

- Ný lög 1999 örorka læknisfræðileg
- Matsteymi í tengslum við TR
- Samningar um endurhæfingarúrræði

Atvinna

- Vinna léttari
- Betri vinnulöggjöf
- Bætt heilbrigðisþjónusta

- Fjarvera frá vinnu vegna sjúkdóma aukist

Fjarvera frá vinnu er áhættuþáttur

- Verri heilsu andlegri og líkamlegri
- Eykur líkur á dauða

Atriði sem skipta máli

- Rétt mat á þörf á veikindaleyfi
- Samningar um endurkomu til vinnu
- Hjálp sem fyrst ef endurkoma til vinnu er ekki í sjónmáli.
- Mat á færniskerðingu

Forðast bið

- Í USA þá fara 50% þeirra sem ekki eru komnir í vinnu eftir 8 vikur ekki í vinnu aftur
- 85% þeirra sem eru frá vinnu í 6 mánuði fara ekki í vinnu aftur

Vilji til vinnu “motivation”

- Miðpunkturinn í endurhæfingarvinnunni varðandi endurkomu til vinnu.
- Ef viljann vantar þá er erfitt að endurhæfa til vinnu.
- Viljinn til vinnu mestur í upphafi veikinda

Samvinna

- Málþing 13.nóvember 2001
- Sumarið 2002 skipaði heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra starfshóp um starfsendurhæfingu í samræmi við samþykktir málþingsins. Þar er bent á nauðsyn þess að sameina krafta, fjármuni og framtíðarsýn aðila. Þar er farið fram á að tillögur hópsins ættu að hafa þarfir einstaklingsins að leiðarljósi sem þurfa að fóta sig á nýjum eða breyttum starfsvettvangi.

Starfshópur

- Í starfshópinum voru skipaðir aðilar frá TR, ASÍ, Samstarfsráði um endurhæfingu, Landsamtökum lífeyrissjóða, Samtökum atvinnulífsins, Vinnumálastofnun og félagsmálaráðuneyti.
- Hópurinn skilaði tillögum/skýrslu í febrúar 2005, til ráðherra heilbrigðis- og tryggingamála ásamt félagsmálaráðherra.

Helstu tillögur hópsisns

- Hagsmunaaðilar komi að skipulagningu og fjármögnun sameiginlegs starfsendurhæfingarkerfis
- Miðstöð starfsendurhæfingar

Mikilvægt til að ná árangri

- Grípa tímanlega inní óvinnufærni
- Viðhalda tengslum einstaklinga við vinnustaðinn/vinnumarkaðinn
- Auka samhæfingu allra samtryggingarkerfa
- Bjóða fjölbreytt starfsendurhæfingarúrræði
- Tryggja jafnan aðgang að úrræðum
- Sveigjanlegt skipulag

Miðstöð starfsendurhæfingar

- Meta möguleika fólks til endurhæfingar til vinnu.
- Beina í viðeigandi endurhæfingarúrræði
- Fylgjast með árangri af endurhæfingu
- Vera þekkingarmiðstöð varðandi starfsendurhæfingu í landinu

Miðstöð starfsendurhæfingar

- Þessar tillögur hafa ekki verið gerðar opinberar, en ég tel að þessar tillögur séu enn í fullu gildi.
- Skipuð ný nefnd til að fjalla um örorku og starfsendurhæfingu, sem skilaði af sér í byrjun þessa mánaðar og tillögur verða kynntar hér á eftir

Lykilatriði í starfsendurhæfingu


- Hækka sjúkradagpeninga
- Lengja og þrengja endurhæfingarlífeyri
- Minnka skerðingarákvæði þeirra sem fara að vinna (það á alltaf að borga sig að vinna)
- Gera 50% örorku raunhæfa (hærri bætur og minni skerðing) margir á fullri örorku geta unnið 50%

Samstarfsverkefni

- Vinnumálastofnun
- Heilsugæslan á höfuðborgarsvæðinu
- Aðkoma Tryggingastofnunar ríkisins
- Markmið að hjálpa fólki á vinnumarkað

Samstarfsverkefni

- Eftirfylgd



Markmið

- Að heilsugæslulæknir fái aðstoð varðandi endurhæfingu sem fyrst
- Atvinna sé í forgunni frá upphafi og tenging strax við vinnuleitina

Tilraunaverkefni

- Verið frá vinnu í 0-6 mánuði
- Sameiginlegt upplýsingaöflunarkerfi SASSAM
- Kortleggja styrkleika og takmarkanir
- Byggja á getu og styrkleika einstaklingsins
- Þarfir einstaklingsins í miðpunkti

Tilraunaverkefni

- Vinnuleitin í miðpunkti allan tímann

Hlutverk

- Samtök um vinnu og verkþjálfun
- Vinnustaðir fatlaðra eins og Múlalundur, Örtækni vinnustaður ÖBÍ, Örvi, Fjöliðjan, Iðjulundur o.fl.
- Markmið að stuðla að samstarfi um uppbyggingu á starfsþjálfun, hæfingu og endurhæfingu fyrir einstaklinga til starfa á almennum vinnumarkaði

Netverk

- Samstarf vinnustaða fatlaðra (Hlutverks)
- Vinnuprufun með samhæfðu vinnumati
- 2-3 mánaða vinnuprufur

Starfsmat RI

- Kortlögð andleg, líkamleg og félagsleg færni
- Stundvísi, frumkvæði, persónulegir þættir og annað sem skiptir máli í því að komast og haldast á vinnumarkaði.
- Þessu skipt í tvennt sjálfsmat og mat utanaðkomandi aðila (t.d.verkstjóra)
- Gefin stig

Nýjar áherslur

- Skoða möguleika til endurhæfingar fyrir alla áður en þeir fara á örorku
- Samstarf ólíkra framfærslukerfa þar sem einstaklingurinn er í fókus
- Skoða getu (eins og gert er í endurhæfingu) en ekki vangetu

Nýjar áherslur

- Einstaklingar geti í ríkara mæli verið í hlutastörfum og hluta örorku
- Meiri þátttaka atvinnulífsins í starfsendurhæfingu
- Réttur til vinnu í fókus í stað opinberrar framfærslu